

**Fyrsti fundur Delta-deildar starfsárið 2016 – 2017, haldinn að Garðakaffi á Akranesi, fimmtudaginn 13. október 2016, kl. 17:30.**

Mættar: Guðlaug Sverrisdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Inga Stefánsdóttir, Brynja Helgadóttir, Sóley Sigurpórsdóttir, Gyða Bergpórsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Jóhanna Karlsdóttir og Ásta Egilsdóttir. Gestir: Guðrún Guðbjarnadóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir

Forföll boðuðu Soffía Sigurjónsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Þórunn Reykdal, Ingbjörg Konráðsdóttir, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmisdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Dagný Emilsdóttir.

**Dagskrá fundar:**

1. Guðlaug Sverrisdóttir formaður setti fund, bauð félagskonur og gesti velkomna og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Að því loknu bað hún fundarkonur og gesti fundarins sem voru þær Guðrún Guðbjarnadóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir að kynna sig og við hvað þær störfuðu.
2. Ásta Egils las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með einni leiðréttingu (nafnið á Írisi Sigurðardóttur leikskólakennara í Vallarseli var rangt með farið).
3. Guðlaug kynnti nýjan dagskrárlið til sögunnar sem er *Lagið mitt*. Theódóra reið á vaðið og varð lagið *Blátt lítið blóm eitt* er fyrir valinu hjá henni sem fundarkonur sungu af mikilli innlifun.

4. Fyrirlesari kvöldsins var Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, yfirþroskaþjálfari í frístundamiðstöðinni Þorpinu á Akranesi. Ruth sagði í upphafi frá sjálfri sér en hún er þýsk að uppruna og kom fyrst til Íslands sem skiptinemi árið 1999 og flutti til Akraness árið 2005. Hún hóf þá störf í Grundaskóla en færði sig yfir í Þorpið þar sem hún starfar í dag ásamt því að kenna við þroskaþjálfabraut HÍ.

Í fyrirlestri sínum sagði Ruth frá starfi Þorpsins og hugmyndafræðinni á bak við það. Í Þorpinu fer fram barna- og unglingastarf, það er vettvangur frítíma og forvarna þar sem margbreytileiki mannlífsins ræður ríkjum en meginmarkmiðið er að viðhafa „inclusiva“ starfsemi.

Fram kom hjá Ruth að erfitt reynist að finna góða þýðingu fyrir hugtakið „inclusive“ en það er eitthvað sem kemur innan frá felur m.a. í sér mannréttindi þar sem margbreytileikinn er virtur og viðurkenndur, samvinna þar sem allir eru með frá byrjun og síðast en ekki síst viðhorf til þeirrar sameigilegu ábyrgðar okkar allra að yfirstíga hindranir sem skerða getur einstaklinga til fullrar þátttöku í samfélaginu.

Ruth sagði frá verkefninu *Gaman saman* sem var upphaflega frístundastarf fyrir fötluð börn í 5. – 7. bekk en þróaðist yfir í það að vera frístund fyrir öll börn á þessum aldri þar sem markmiðið er að rúfja einangrun og auka þátttöku allra barna í samfélaginu og efla tólmstundamenntun þeirra. Verkefnið fékk viðurkenningu frá Æskulýðsráði fyrir þróun og nýsköpun og styrk úr Þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs til að koma á starfsmannafræðslu tengda verkefninu. Einnig má lesa um *Gaman saman* í *Netlu – Veftímariti um uppeldi og menntun* ([http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk\\_og\\_menntun\\_throskathjalfa/005.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/005.pdf)) og en þar er sagt frá þátttökurannsókn á tólmstundastarfi fyrir 10 til 12 ára börn og leiðum sem farnar voru til að skapa samvinna- og námsferli í margbreytilegum barnahópi. Rannsóknin var mótuð á grunni tveggja kenninga um samvinna sem meginforsendu þess að þróa starf fyrir margbreytilega hópa, annars vegar samvinna- þríhyrningi Zimpel (2014) og hins vegar Vísi fyrir nám án aðgreiningar (e. Index for inclusion) sem er sjálfsmats- og samvinnukerfi hannað af Booth og Ainscow (2011).

5. Góður rómur var gerður að fyrirlestri Ruthar og þakkaði Guðlaug henni með því að færa henni rauðu rósina og kynningarit DKG.
6. Þá var komið að öðrum nýjum dagskrárlið en þar var að „skrattast saman“ sem bættist við þema starfsársins, þ.e. **Verum virkar – Styrkjum starfið. Lífið er leikur – skröttumst saman!** Guðlaug tók hér fyrsta skrefið og var með leik sem fól í sér spurningar og óvænt svör.
7. Matur var því næst borinn á borð og fengum við dýrindis lax, kaffi og sætt með.
8. Happraðtið var á sínum stað og fékk Guðlaug vinninginn að þessu sinni. Þess má geta að hún vissi hvað var í pakkanum og fengum við að heyra söguna á bak við það ☺
9. Sóley Sigurþórsdóttir var með orð til umhugsunar og lagði út frá blaðagrein sem bar fyrirsögnina „Svartir eiga að leika við svarta“ og fjallaði um samskipti ungra barna í grunnskóla og varð henni hugsað til hvort við værum svona skammt á veg komin og enn að skipta mannkyninu upp eftir hörundslit. Út frá þessu ræddi hún viðhorf til flóttamanna, hvernig við tökum á móti þeim og kröfur til þeirra um að aðlagast samfélaginu. Setti hún það í samhengi við hvernig Íslendingar höguðu lífi sínu og hópuðust saman þegar þeir fluttu vestur um haf hér fyrir á öldum og okkur finnst ekkert að. Lauk hún máli sínu á að fara með vísuna Flóttamaðurinn eftir Einar Sigfússon:  
Flóttamannaflaumurinn  
fær sín döpru kynni.  
Glottir harður heimurinn  
og lokar hurðu sinni.
10. Guðlaug fór yfir dagskrá starfsársins og var hún samþykkt með fyrirvara um breytingar.
11. Sóley minnti á árgjaldið sem nú er kr. 12.000.- Hún lét einnig ganga nafnalista til leiðréttingar og lista yfir vörur sem hægt er að panta hjá DKG.
12. Guðlaug fór yfir nokkra „formannapunkta“ þar sem hún:
  - a. hvatti félagskonur til að bera næluna á fundum, láta vita í tíma hvort þær mæti á fundi eður ei og ítrekaði stundvísi í mætingum.
  - b. sagði frá því að Helga Gunnarsdóttir og Arnbjörg Stefánsdóttir væru hættar í DKG.
  - c. afhenti Guðrúnu og Söru Margréti kynningarit DKG.
  - d. sagði frá einföldu yfirliti í A5 stærð yfir það sem DKG stendur fyrir og markmið samtakanna sem hún og Ásta munu sjá um að útbúa handa félagskonum.
  - e. sagði frá umræðu á formannafundi um stöðu elstu félaganna sem væru óvirkir en tækju samt þátt. Eitthvað sem þarf að ræða frekar.
  - f. ræddi þema starfsársins. Haldið er áfram með þema fyrra árs **Verum virkar – Styrkjum starfið** með viðbótinni **Lífið er leikur – skröttumst saman!**
  - g. lét ganga lista sem félagskonur skrifuðu á hugmyndir um fyrirlestra.
  - h. skipaði nefnd til að fara yfir og vinna drög að reglum um boð og inntöku nýrra félaga í deildina. Í nefndinni sitja auk Guðlaugar þær Brynja Helgadóttir og Jónína Eiríksdóttir.
13. Í lok fundar ræddu félagskonur um kosti þess að taka þátt í félagsstarfi DKG og kom m.a. fram að við eflum okkur persónulega og við hjálpumst að við að efla hverja aðra með þátttöku okkar.
14. Guðlaug sleit fundi um kl. 20.30.

Ásta Egils

Ritari Delta 2016 - 2017